



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 7. febrúar 2017

R16060065

D-1232

Borgarráð

Engjateigur 7A - Úthlutun bílastæðalóðar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Sendiráði Bandaríkjanna kt. 551070-0189, Engjateigi 7, lóð fyrir bílastæði að Engjateigi 7A, samtals 274 fermetrar sem er borgarland gegn greiðslu kr. 15.000.000.-

Greinargerð: Sendiráð Bandaríkjanna festi kaup á húsinu sem stendur á lóðinni nr. 7 við Engjateig. Vegna ýmissa öryggisráðstafanna og uppsetningu á öryggisgrindverki féllu niður nokkur bílastæði á lóðinni og hefur því skapast þörf fyrir auka bílastæði sem þjónað gætu sendiráðinu. Reykjavíkurborg samþykkti lóðarvilyrði dags. 16.6.2016 sem staðfest var með deiliskipulagi sem auglýst var í B-deild þann 13.10.2016. Greiðslan fari fram innan 45 daga frá samþykki borgarráðs. Sendiráðið ber allan kostnað af frágangi bílastæða og þekkir til kvaða skv. mæliblaði sem gilda um lóðina.

Hrólfur Jónsson